

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Hringhamar 10, þróunarreitir 20B.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 23. febrúar síðastliðinn var samþykkt deiliskipulag fyrir Hringhamar 10. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir að byggja þrjú fjölbýlishús, 4-6 hæða, með bílastæðum á lóð og í bílakjallara. Íbúðir verða allt að 70.

Nýtt deiliskipulag fyrir Baughamar 1, þróunarreitir 31C.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 23. febrúar síðastliðinn var samþykkt deiliskipulag fyrir Baughamar 1. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir að byggja tvö fjölbýlishús, 5-6 hæða, með bílastæðum á lóð og í bílakjallara. Íbúðir verða allt að 58.

Nýtt deiliskipulag fyrir Áshamar 50, þróunarreitir 6A.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 23. febrúar síðastliðinn var samþykkt deiliskipulag fyrir Áshamar 50. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir 5 hæða fjölbýlishús með bílastæðum á lóð og í bílakjallara. Íbúðir verða allt að 40.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. mars 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. mars 2023